

Mánudaginn 27. febrúar 1939.

Nr. 128/1937. **Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðar-
árþúsins** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Mjólkursamlagi Kjalarnesþings
(Eggert Claessen).

Krafa mjólkurframleiðanda á hendur mjólkursamlagi um greiðslu eftirstöðva mjólkurandvirðis og bóta, vegna þess að samlagið hafði neitað að taka við mjólk frá honum til gerilsneyðingar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. október 1937 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 577.56 eða til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins með 5% ársvöxtum frá 11. júlí 1936 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess þar á móti, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Heildarkrafa áfrýjanda greinist í: I. Bótakröfu, að fjárhæð kr. 459.52, vegna synjunar stefnda að veita mjólk frá áfrýjanda móttöku til gerilsneyðingar og II. kröfu um kr. 118.04, sem áfrýjandi telur vangreiddar fyrir innlagða mjólk.

Um I. Þann 14. janúar 1935 löggilti landbúnaðar-ráðherra samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935 mjólkurbú Mjólkurfélags Reykjavíkur til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk og fleiri mjólkurafurðum. Var löggildingin, svo sem 7. gr. laganna heimilar, bundin

því skilyrði, að Mjólkurfélagið tæki til gerilsneyðingar mjólk frá utanfélagsmönnum gegn sanngjörnu gjaldi, sem ráðherra skyldi ákveða. Þann 31. marz 1936 seldi Mjólkurfélag Reykjavíkur stefnda í máli þessu greint mjólkurbú. Hélt því næst stefndi, sem ekki aflaði sér sérstakrar löggildingar til framleiðslu á mjólkurföngum, starfrækslu mjólkurbúsins áfram á grundvelli þeirrar löggildingar, sem Mjólkurfélag Reykjavíkur hafði fengið. Með því að stefndi neytti þannig réttinda þeirra, sem leiddu af löggildingu mjólkurbúsins, þá batzt hann jafnframt m. a. skyldu til að gerilsneyða mjólk utansamlagsmanna. Nú er það ljóst af sakargögnunum, að stefndi hefir skorizt undan því að taka við mjólk áfrýjanda um tímabilið 4.—11. júlí 1936, að báðum dögnum meðtöldum, og hefir hann með því gerzt skyldur til að bæta áfrýjanda það tjón, sem hann hefir af því hlotið. Áfrýjandi hefir sýnt fram á, að mjólkurframleiðsla hans á þessu tímabili nam 1542 lítrum. Þessa mjólk segist hann alls ekki hafa getað hagnýtt og hefir því til stuðnings skírskotað til vottorða nokkurra manna, sem kveðast á þessum tíma hafa fengið hjá honum undanrennu til gjaldfrjálsra afnota, og kveða þeir áfrýjanda hafa boðið þeim meira en þeir höfðu þörf fyrir. Miðað við að áfrýjandi hefði átt að fá 29.8 aura fyrir mjólkurlitrann, segist hann þannig hafa skaðast um kr. 459.52 vegna ofangreindra aðgerða stefnda. Eins og á stóð, þykir mega ganga að því visu, að áfrýjanda hafi verið illkleift að koma mjólk þeirri, er stefndi synjaði viðtöku, í verð, og hún hafi þess vegna farið að nokkru til spillis. Þó þykir mega ætla, að honum hafi verið þess kostur að hafa nokkurt verðmæti upp úr henni. Samkvæmt þessu þykir hæfilegt að gera stefnda að greiða 75% af þessari

kröfu, eða kr. 344.64 með 5% ársvöxtum frá sátta-
kæruðegi, 25. september 1936.

Um II. Með bréfi 16. janúar 1936 kvað landbúnað-
arráðherra svo á, að hámarksgjald fyrir gerilsneyð-
ingu mjólkur utansamlagsmanna í mjólkurbúi því,
er stefndi síðan keypti 31. marz 1936, skyldi vera
2.2 aurar á litra. Þrátt fyrir þetta hélt stefndi eftir
3 aurum sem gerilsneyðingargjaldi fyrir hvern litra
mjólkur áfrýjanda. Telur áfrýjandi stefnda hafa
þannig frá byrjun apríl til júniloka 1936 vangoldið
sér kr. 118.04 og vill nú sækja þessa fjárhæð í hend-
ur honum. En áfrýjanda hefir gegn andmælum
stefnda ekki tekizt að færa sönnur á, að hann hafi
slegið við stefnda varnagla um frekari greiðslu,
þegar hann tók við borgun fyrir mjólk þá, er hann
lagði inn til stefnda á nefndu tímabili, og verður þeg-
ar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af þessari kröfu.
Eftir lyktum málsins verður að dæma stefnda til að
greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti,
sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Mjólkursamslag Kjalarnespings, greiði
áfrýjanda, Sigurði Þorsteinssyni f. h. Rauðar-
árþúsins, kr. 344.64 með 5% ársvöxtum frá 25.
september 1936 til greiðsludags og samtals kr.
400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri að-
för að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. okt. 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausu sáttaumleitun höfðað
fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. okt. 1936 af Sig-

urði Þorsteinssyni f. h. „Rauðarárbúsins“, hér í bæ, gegn stjórn Mjólkursamlags Kjalarnesþings f. h. samlagsins, þeim Birni Birnir, Grafarholti, Ólafi Bjarnasyni, Brautarholti, Einar Ólafssyni, Lækjarhvammi, Ellert Eggertssyni, Miðfelli, og Lorentz Thors, Korpúlfsstöðum, til greiðslu á kr. 577.56 með 5% ársvöxtum frá 11. júlí 1936 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Hið stefnda mjólkursamlag hefir *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, *til vara*, að það verði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda, og *til þrautavara*, að hin umstefnda krafa verið lækkuð, en hvernig sem málið fer krefst það þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Frávísunarkröfuna byggir stefnda fyrst og fremst á því, að máli þessu sé algerlega ólöglega stefnt, þar sem enginn réttaraðili sé til, er heiti „Rauðarárbú“.

Það er upplýst, að sóknaraðili þessa máls, hið svonefnda „Rauðarárbú“, er bú Þorláks heitins Bjarnar, bónda á Rauðará, hér í bæ, en ekkja hans, frú Sigrún S. Bjarnar, situr í óskiptu búi eftir mann sinn. Mál þetta er höfðað út af viðskiptum þessa bús við stefnda, og verður rétturinn því að líta svo á, að það geti ekki varðað frávísun málsins, þótt hér sé stefnt í nafni „Rauðarárbúsins“, sem svo mun vera nefnt í daglegu tali, og sem hið stefnda mjólkursamlag sjálfst nefnir svo í viðskiptum sínum við búið, eins og sést af framlögðum móttökuseðlum (rskj. nr. 7).

Þá hefir stefnda og mótmælt því, að stefnandi, Sigurður Þorsteinsson, hafi haft nokkurt umboð til að höfða mál þetta, svo og því, að, þótt svo væri, hefði frú Sigrún S. Bjarnar nokkra heimild til að veita slíkt umboð. Í málinu hefir verið lagt fram umboð (dags. 21. sept. 1936) frá frú Sigrúnu S. Bjarnar f. h. „Rauðarárbúsins“ til handa stefnanda til þessarar málshöfðunar, svo og bréf frá lögmanninum í Reykjavík (dags. 7. jan. 1933), þar sem ekkjunni er leyfð seta í óskiptu búi eftir mann hennar, svð að hún samkvæmt lögum hefir heimild til að gera slíkar ráðstafanir f. h. búsins sem málshöfðun þessa og þar með einnig að veita föður sínum, Sigurði Þorsteinssyni, áðurnefnt umboð. Verður því frávísunarkrafa stefnda heldur ekki tekin til greina af þessum sökum.

Loks hefir stefnda byggt frávísunarkröfu sína á því, að

frú Sigrún S. Bjarnar hafi ekki mætt sjálf á sáttafundi, og séu lögleg forföll þó ekki sönnuð. En þótt svo væri, leiðir slíkt alls ekki til frávisunar málsins, þar sem frúin sendi hæfan umboðsmann í sinn stað á sáttafund og sáttaumleitun hefir því verið lögmat.

Aðalkrafa stefnda í málinu verður því ekki tekin til greina.

Vegna áðurnefndrar fjarvistar frú Sigrúnar S. Bjarnar frá sáttafundi, án sannaðra forfalla, hefir stefnda, auk frávisunar, krafist þess, að stefnandi yrði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu svo og til að greiða sér málskostnað.

Stefnandi hefir mótmælt kröfum þessum sem of seint fram komnum.

Áskorun stefnda til frú Sigrúnar S. Bjarnar um að sanna forföll sín frá að mæta á sáttafundi kemur fyrst fram í öðru varnarskjali umboðsmanns stefnda, og sést það þó á hinni framlögðu sáttakæru málsins (rjskj. nr. 2), að frúin hafði ekki mætt sjálf á sáttafundinum, heldur sent fyrir sig umboðsmann.

Rétturinn verður því að telja, að áskorun þessi sé of seint framkomin til þess að frú Sigrún S. Bjarnar hafi verið skylt að sinna henni, og verða því framangreindar kröfur ekki teknar til greina.

Verður nú vikið að efnishlið málsins.

Tildrög málsins eru þau, að með lögum nr. 1 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. var m. a. svo ákveðið, að í öllum þeim kaupstöðum og kaптúnunum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma, skuli hún fara fram í einni sölumiðstöð frá mjólkurbúinu, einu eða fleirum, sem viðurkennd verði til þess af landbúnaðarráðherra.

Með bréfi ráðherrans, dags. 14. jan. 1935, var mjólkurbú Mjólkurfélags Reykjavíkur löggilt til að framleiða hér í bænum gerilsneydda mjólk og rjóma og ennfremur smjör, bræðsluost, ísrjóma og skyr. Samkvæmt heimild í síðustu mgr. 7. gr. laga nr. 1 1935 var það skilyrði sett fyrir löggildingunni, að Mjólkurfélagið tæki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi, og gæti ráðherra ákveðið hámark þess. Í samræmi við þessa löggildingu starfrækti Mjólkurfélag Reykjavíkur síðan mjólkurstöð sína hér í bæ til 31. marz 1936, er það seldi hinu nýstofn-

aða Mjólkursamlagi Kjalarnesþings stöðina. Mjólkursamlagið starfrækti síðan stöðina á sama hátt og Mjólkurfélagið hafði áður gert til 4. júlí 1936.

Stefnandi þessa máls, „Rauðarárbúið“, var einn af þeim mjólkurframleiðendum, sem ekki var meðlimur í Mjólkursamlagi Kjalarnesþings. Segir stefnandi, að frá 1. apríl til 4. júlí 1936 hafi hið stefnda mjólkursamlag alltaf tekið á móti mjólk frá „Rauðarárbúinu“, en hinn síðarnefnda dag hafi það neitað að taka við mjólkinni frá búinu. eins og frá öðrum utanfélagsmönnum, og svo hafi verið til 11. júlí s. á., er mjólkurstöð félagsins var tekin leigunámi, en þá hafi aftur komizt á venjuleg afgreiðsla í stöðinni. Telur stefnandi, að á tímabili því, sem að framan greinir (4.—11. júlí incl.), hafi hann ekki getað komið framleiðsluvörum sínum í peninga, þar sem honum hafi verið það óheimilt samkvæmt lögum nr. 1 1935 að annast sölu á þeim sjálfur. Heldur stefnandi því fram, að framleiðsla „Rauðarárbúsins“ á þessu tímabili hafi numið samtals 1542 lítrum af mjólk, sem þannig hafi orðið verðlaus, eða verðmæti, sem nemi kr. 459.52, reiknað með 29,8 aurum pr. liter. Telur stefnandi, að með neitun sinni að taka til gerilsneyðingar mjólk þessa, hafi stefnda orðið skaðabótaskyld gagnvart sér og beri því þess vegna að greiða honum framangreinda upphæð, en þar sem stefnda hafi reynzt ófáanlegt til þess, sé mál þetta höfðað og í því gerðar fyrrnefndar réttarkröfur, sem einnig fela í sér kröfu um, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda kr. 118.04, er hann telur vera ofreiknað stöðvargjald fyrir mánuðina apríl, maí og júní 1936.

Stefnda mótmælir því nú fyrst og fremst, að nokkur mjólk hafi borizt frá Rauðará dagana 4.—11. júlí f. á., svo og því, að neitað hafi verið að taka við mjólk frá því búi. En þótt svo hafi verið gert, telur stefnda, að það hafi haft fulla heimild til slíkrar neitunar, þar sem það hafi aldrei sótt um neitt einkaleyfi fyrir stöðina eða um löggildingu fyrir hana, og hafi því, þegar af þeirri ástæðu, engin fyrirmæli frá landbúnaðarráðherra viðvikjandi skyldu til þess að taka til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn.

Þá mótmælir stefnda því og, að það hafi ofreiknað stefnanda stöðvargjald fyrir mánuðina apríl til júní f. á. (incl.) með kr. 118.04, eða nokkurri annari upphæð, enda hafi það engin fyrirmæli fengið frá ráðherra um hámarksgjald fyrir

gerilsneyðingu mjólkur utanfélagsmanna. Heldur stefnda því þess vegna fram, að skaðabóta- og endurgjaldskröfur stefnanda á hendur því séu á engum rökum reistar, og krefst sýknu af þeim báðum.

Skulu nú þessar kröfur aðiljanna athugaðar.

1. Skaðabótakrafan.

Í málinu hefir verið lagt fram staðfest eftirrit af vottorði Matthíasar Guðmundssonar lögregluþjóns, þar sem talin eru nöfn þeirra manna, er stefnda tók eigi mjólk af til vinnslu þann 4. júlí f. á. Nafn stefnanda er þar efst á blaði, og segir þar, að hann hafi komið kl. 8.30 um morguninn með 190 l. af mjólk. Eftir þessa neitun kveðst stefnandi að visu ekki hafa flutt mjólk að stöðinni til þess að vera ekki að baka sér óþarfa flutningskostnað, heldur hafi hann næstu morgna komið á stöðina og spurzt fyrir um það, hvort tekið yrði við mjólkinni, en því hafi ávallt verið neitað, og er þetta í samræmi við framlagt vottorð frá Páli Guðjónssyni lögregluþjóni.

Það verður því að teljast sannað, að fyrsta morguninn (4. júlí) hafi borizt mjólk frá stefnanda til mjólkurstöðvar stefnda og að næstu morgna hafi hún verið boðin fram, en því siðar hætt, er það var vitanlegt, að ekki yrði við henni tekið. Einnig verður það að teljast sannað með framangreindum gögnum, að mjólkinni hafi verið neitað viðtöku af stefnda, enda liggja fyrir í málinu afrit af tveimur bréfum frá stefnda, stílað til utansamlagsmanna, þar sem tilkynnt er sú ákvörðun samlagsins, að frá og með 4. júlí f. á. verði ekki tekið á móti annari mjólk í stöð félagsins en frá samlagsmönnum.

Kemur þá næst til athugunar, hvort þessi neitun af hálfu stefnda um að taka á móti mjólk til gerilsneyðingar fyrir stefnanda hafi í för með sér skaðabótaskyldu fyrir mjólkursamlagið.

Samkvæmt lögum nr. 1 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. skulu mjólkurbú þau, er starfa vilja og njóta réttinda samkvæmt lögnum, vera viðurkennd og löggilt af landbúnaðarráðherra. Um löggildinguna voru síðan sett nánari ákvæði í I. kafla reglugerðar nr. 22 1935, útg. 15. marz 1935, um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur o. fl. Af þeim ákvæðum sést, að aðaltillitin, sem löggildingin byggist á, eru þau, að allt fyrirkomulag hlutaðeigandi mjólk-

urbús sé sem hagkvæmast til starfrækslunnar og fullnægi ýtrustu kröfum nútímans um starfshætti, afköst og hreinlæti. Sést þetta m. a. á því, hvaða gögn skulu liggja fyrir samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar, áður en löggilding fer fram, þar sem mjólkursölunefnd, er annast þá athugun á mjólkurbúum, er þarf til löggildingar, skal fá uppdrátt af búinu, greinilega lýsingu og uppdraetti af vélum búans og vottorð frá viðkomandi héraðslækni um húsakynni, umgengni og meðferð mjólkur og mjólkurvara í búinu frá heilsufræðilegu sjónarmiði.

Með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 14. jan. 1935, var mjólkurbú Mjólkurfélags Reykjavíkur löggilt til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk o. fl., eins og áður er tekið fram, og má sjá það af bréfinu, að löggildingin byggist á þeim at-
riðum, er að framan getur og áðurnefnd reglugerð síðar setti ákvæði um.

Mjólkurbú þetta keypti stefnda í máli þessu 31. marz f. á., og hefir eftirrit af afsalinu verið lagt fram í málinu. Í afsali þessu er ekkert minnst á áðurnefnda löggildingu, að-
eins sagt, að stöðin seljist í því ástandi, sem hún er í, o. s. frv. Það er viðurkennt, að hið stefnda mjólkursamlag fékk ekki neina nýja löggildingu á mjólkurbúinu, er það tók við starfrækslu þess, eða síðar, en það verður að teljast upp-
lýst, að búið var starfrækt á sama hátt og áður (frá því að Mjólkurfélag Reykjavíkur fékk löggildingu) frá 1. apríl til 4. júlí f. á., og þannig, að uppfyllt var það skilyrði, sem sett var fyrir löggildingu Mjólkurfélagsins, að búið ger-
ilsneyddi mjólk fyrir utanfélagsmenn, eins og áður hefir verið dregið á.

Með tilliti til þess, er áður segir um löggildingu á mjólk-
urbúi Mjólkurfélagsins og á hverju hún hafi byggst, þ. e. fyrirkomulagi stöðvarinnar sjálfar, verður rétturinn að lita svo á, að áðurnefnd löggilding landbúnaðarráðherra hafi fylgt stöðinni, þótt eigendaskipti yrðu að henni.

Samkvæmt heimild í síðustu mgr. 7. gr. laga nr. 1 1935 setti landbúnaðarráðherra það skilyrði fyrir löggildingu á mjólkurbúi Mjólkurfélags Reykjavíkur, að félagið tæki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sann-
gjörnu gjaldi. Þetta skilyrði fyrir löggildingunni verður samkvæmt framansögðu einnig að teljast hafa gilt gagnvart

hinu stefnda mjólkursamlagi. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að þetta skilyrði hafi ekki falið í sér neina skyldu fyrir stefnda gagnvart utanfélagsmönnum til að taka á móti mjólk til gerilsneyðingar frá þeim, heldur hafi neitun á því aðeins haft þær afleiðingar, að löggildingin féll niður, enda segir svo í framlögðu bréfi frá landbúnaðarráðherra til Mjólkurfélagsins (dags. 16. jan. 1936), að það skuli taka á móti mjólk til gerilsneyðingar frá utanfélagsmönnum, „ef það á að halda löggildingu fyrir mjólkurbú sitt framvegis“. Og þar sem engar sönnur eru á það færðar, að stefnda hafi samið á sig slíka skyldu gagnvart stefnanda þessa máls, verður ekki séð, að hann eigi neina skaðabótakröfu á hendur stefnda út af þessari neitun þess, og þykir því verða að taka til greina sýknukröfu stefnda af þessum kröfulið.

2. Endurgjaldskrafan.

Gegn framangreindum eindregnum mótmælum stefnda hefir stefnandi ekki fært neinar sönnur á, að stefnda hafi ofreiknað honum stöðvargjald fyrir umrædda mánuði, og getur því þessi kröfuliður heldur ekki orðið tekinn til greina.

Málalok verða því þau, að stefnda verður sýknað af framangreindum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Út af þeim mótmælum málflutningsmanns stefnda hér fyrir réttinum, er hann setti fram í fyrsta varnarskjali sínu á rskj. nr. 5, gegn því, að stefnandi, Sig. Þorsteinsson, hafi nokkru sinni haft né hafi umboð til að kæra mál þetta til sáttanefndar, mæta á sáttafundi, til að gera sætt eða stefna málinu fyrir rétt, hefir stefnandi krafizt þess, að hann yrði sektaður fyrir vísvitandi rangan málflutning, þar sem sáttakæra málsins (rskj. nr. 2) hafi borið það með sér, að hann (stefnandi) hafi haft lögformlegt umboð til að höfða mál þetta.

Ekki þykir þó sannað, að málflutningsmaðurinn hafi haft þessi mótmæli uppi gegn betri vitund, og verður því krafa þessi ekki tekin til greina.

Í einu varnarskjali sínu hefir málflutningsmaður stefnda komizt svo að orði:

„... en auk þess sem hann (þ. e. stefnandi) að sjálfsögðu

hefir komið mjólk sinni í verð, þá reynir hann nú að fá hana tvíborgaða með því að krefja umbj. minn einnig um andvirði hennar.“

Telur stefnandi, að ummæli þessi séu mjög meiðandi og móðgandi í sinn garð, og krefst þess, að þau verði dæmd dauð og ómerk og málflutningsmaðurinn sektaður fyrir þau.

Það er að visu upplýst við vitnaleiðslu í máli þessu, að stefnandi hefir fengið að láni hjá mjólkursamsölunni, hér í bæ, þá upphæð, er hann krefur stefnda um í málinu, en skrifstofustjóri samsölunnar hefir borið það, að lán þetta eigi að endurgreiðast, er dómur falli í máli þess, án tillits til úrslita þess.

Þessar upplýsingar verða þó ekki taldar réttlæta hin átöldu ummæli, enda hefir málflutningsmaður stefnda sjálfur látið bóka það fyrir réttinum 29. apríl s. l., að sér hafi fyrst borizt vitneskja um þessa greiðslu frá samsölunni 13. apríl s. l., en áðurnefnd ummæli birtust í varnarskjali dags. 30. des. f. á. Og þar sem ummæli þessi fela í sér meiðandi aðdróttun í garð stefnanda og eru samkvæmt framansögðu á engan hátt réttlætt, þykir verða að ómerkja þau, en hinsvegar þykir ekki næg ástæða til þess að sekta fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðandi ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefnda, Mjólkursamlag Kjalarnesþings, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Sigurðar Þorsteinssonar f. h. „Rauðarárbúsins“, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.